

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 14. mars 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, og var þetta 90. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 89. fundar (25. október 2021), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda. Fram kom að þrír fyrirhugaðir fundir í röð höfðu síðan verið afboðaðir, ýmist vegna kórónuveirunnar eða af öðrum orsökum.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu þrír orðalistar, sem sendir höfðu verið nefndarmönnum til yfirferðar.

- a) **Asthma.** Íslensku heitin sem notuð hafa verið um „asthma“ höfðu áður komið til umræðu og þá varð niðurstaðan sú að kanna þyrfti betur hver þeirra væru mest notuð. JHJ hafði nú gert netkönnun á birtu efni í orðabókum og hjá stofnunum og félögum sem láta sig þennan sjúkdóm sérstaklega varða. Niðurstaðan varð sú að íslenska heitið „astmi“ væri mest notað, en að heitin „asmi“, „astma“ og „asma“ væru einnig í notkun. Ákveðið var því að birta heitið „astmi“ sem aðalheiti í Íðorðasafni lækna, en hin sem samheiti. Farið var yfir allar þær færslur í safninu sem þarfnast endurskoðunar. Eftir lagfæringar verða heitin birt í Íðorðabankanum.
- b) **Þungunarrof.** Fram hafði komið ábending um að íslenska heitið „þungunarrof“ væri ekki komið inn í Íðorðasafn lækna, en væri komið í mikla almenna notkun. Farið var yfir allar þær færslur sem innihalda ensku orðin „abort“ og „abortion“ og þær lagfærðar. Heitið „þungunarrof“ var fært inn sem aðalheiti, þar sem við átti, en ákveðið að halda eldra heitinu „fóstureyðing“ sem samheiti. Ýmsar aðrar lagfæringar voru einnig gerðar. Heitin verða birt í Íðorðabankanum.
- c) **Pneumonia.** Farið var yfir áður útsendan lista með öllum þeim ensku heitum þar sem sjúkdómsheitið „pneumonia“ kemur fyrir. Margvíslegar lagfæringar voru gerðar, einkum á eldri skilgreiningum og enn fremur var bætt við nýjum þar sem slíkar höfðu ekki verið ekki til staðar. Heitin verða birt í Íðorðabankanum.

Önnur mál: JHJ kynnti svör sín við fyrirspurnum sem borist höfðu um þrjú ensk heiti sem æskilegt var talið að íslenska. Þau voru: „differentiation syndrome“, „needle gauge“ og „hypereosinophilic syndrome“ og hafði hann svarað að bragði og lagt til íslensku heitin: „boðefnalosunarheilkenni“, „nálarkvarði“ og „heilkenni rauðkyrningagers“.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 25. apríl. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:45. Fundargerð ritaði JHJ.